

en þeir vildu þá strax gefa hann út sem smáskífu. Ég þarf alltaf að passa upp á að þeir ýti mér ekki of langt áfram.

Af hverju ertu þá að gefa út nýjstu breiðskífu þína, DrukQs, hjá Warp?

Hummm, það er nokkuð góð spurning. Ég er þannig séð bundinn þeim samkvæmt samningi. Ég er ekkert þannig séð á móti þeim, þetta er ekkert stórmál fyrir mér. En á sama tíma erum ég og Squarepusher að stofna okkar eigið “label”. Ég gaf út nokkur acid mix, (“2 Remixes by AFX”, MEN1). Það var okkar fyrsta útgáfa.

Er þetta nýja “label” undirmerki Rephlex?

Nei, þetta eru bara ég og Tom Jenkinson(Squarepusher), en Rephlex mun hjálpa okkur með hitt og þetta í sambandi við það. En útgáfunni verður stjórnað af okkur Tom.

Hvers vegna ert þú að stofna enn eina útgáfuna?
Aðallega vegna þess að Tom á erfitt með að vera á “leibel” með öðrum tónlistarmönnum sem hann þolir ekki. Hann þolir enga tónlistarmenn á Warp útgáfunni. Honum líkar ekki við Autechre og fleira. Honum líkar vel við það fyrsta sem kom út á Warp eins og LFO. LFO var líklega síðasta platan frá Warp sem honum líkað við. Honum líkar ekki við það að vera að halda uppi einhverjum tónlistarmönnum sem honum líkar ekki við. Mér er skít-sama þótt það séu ömurlegir tónlistarmenn að gefa út á sama “leibeli”. Mér líkar ekkert alltof vel við það sem er að koma út á Warp. Og ég er meðvit-aður um að aðrir listamenn hjá Warp eru að njóta góðs af okkar vinnu. Fólk segir bara “Já, þetta er gefið út hjá Warp, ég kaupi þetta”. Þetta pirrar mig þó ekki eins mikið og þetta pirrar Tom. En vegna þess að hann er góður vinur minn þá skil ég hann. Við viljum því bara gera þetta sjálfir, því þá kemst þetta betur til skila eins og við viljum hafa þetta. Ef ég mætti ráða fullkomlega þá hefði DrukQs komið út hjá Rephlex, en vegna samninga verð ég að láta Warp fá hana.

Þegar þú byrjaðir að vinna með Warp, þá skrifaðir þú undir sex plötum samning, ekki satt?

Ég átti að gefa þeim 2-3 plötur í viðbót, ég man það ekki. Áður en ég afhenti þeim þessa plötu þá sagði ég við þá: “Ef ég læt ykkur fá þessa plötu þá verðið þið að leyfa mér að gefa út annarstaðar líka”. Ég hélt að þeir myndu neita því og hóta að lögsækja mig.

Hvað áttu við með því?

Ég hafði ekki látið þá fá plötu í þrjú ár. Og ég sagði við þá: “Ókei, ég skal láta ykkur fá tvöfalda breiðskífu ef þið leyfið mér að vera með mitt eigið útgáfufyrirtæki”. Og þeir bara sögðu; “Já”. Ég reyndi þetta líka með Warner Brothers(sem gefur út Aphex Twin í Bandaríkjunum og Japan), en það er erfðiara að sannfæra þá. Ég sagði við þá: Ég vil gefa út sem Aphex Twin á Rephlex.”, en þá sögðu þeir: “Ekki séns, við keyptum þig og nú eigum við þig”. Ég sagði þá við þá: “Ef þið sleppið mér ekki þá fáið þið ekki að gefa út fleiri plötur eftir mig”. Þeir sögðu þá: “Jæja, ókey, þá bara gefum við ekkert meira út með þér”. Ég hef leyfi til að nota AFX, þannig að ég verð bara að notast við það.

Er nafnið Aphex Twin mikilvægt fyrir þig?
Já, það er það. Ég meina ég gæti alveg notað önnur nöfn, en ég vildi nota Aphex Twin til að semja tilraunakennda tónlist. Það er fullt af fólki sem á eftir að kaupa tónlist eftir Aphex Twin þótt það sé yfirhöfuð ekkert að kaupa tilraunakennda tónlist. Og mér lýst bara vel á það að þetta fólk sé að kaupa eitthvað mjög tilraunakennt.

Öll 30 lögín af “DrukQs” eru nú þegar á netinu, fer það illa í þig?

Ég held að það sé bara gott að þau séu á netinu. Því ef að fólki líkar vel við tónlistina þína þá eru kannski meiri líkur á því að það kaupi síðar plöturnar þínar. Fólk mun líklega bara hlaða niður lögnum, spreða út orðinu og á endanum mun ég líklega selja fleiri plötur. Ég er ekkert 100% sannfærður um það, en ég heyrði að eftir að Napster kom til sögunnar, þá jókst sala á CD diskum.

Þú hefur sagt áður að þér sé alveg sama hversu margar plötur þú selur?

Aha, en varðandi þessa plötu þá vil ég selja eins mikið og mögulegt er. Ég vil hreinsa upp markaðinn. Þetta mun verða síðasta upphæpaða platan sem ég geri fyrir Warp. Ég vil bara þurrausa þetta svona í

síðasta skiptið. Ekki hvað tónlist mína varðar, heldur kynningarlega séð.

Ok, þú vilt selja eins margar plötur og mögulegt er, en þú vilt ekki gefa út smáskífur. Það verða engin video, þú ert þrjóskur með myndatökur, gefur aðeins nokkur einkaviðtöl um allan heim og ferð ekki í tónleikaferðalag. Er þetta það sem þú ert að tala um sem “mega-“kynningu?

(Hann hlær) Ég hef gert nokkrar máламиðlanir. CD coverið verður bara í venjulegu plasthulstri, mjög ódýrt. Ef ég hefði ráðið þá hefði þetta verið í fallega hönnuðum “digipack” og svoleiðis. Auk þess myndi ég ekki gefa nein viðtöl ef ég mætti ráða. Og ég myndi ekki halda neina tónleika til þess að kynna efnið. Fyrir mér þá er smá prómó-tering, allt það sem ég nenni að gera.

Þú hefur talað um að það gæti mögulega verið að þú gefir út eina smáskífu tengda þessari plötu?

Ég er að hugsa um að gefa út eina smáskífu með kexrugluðu vídeói frá Chris Cunningham. En ég mun líklega ekki gera það, en ef ég geri það þá verður það ekki fyrr en eftir svona 6 mánuði. Mér líkaði mjög vel að vinna með Chris að “Come To Daddy” og “Windowlicker” og ég væri vel til í að vinna með honum aftur. Þetta er þó ekkert í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég myndi miklu frekar vilja sitja heima allan daginn og semja ný lög. Warp vilja endilega gera þetta því þeir eru bara með dollaramerki í augunum. Ég er þó með hugmynd að lagi sem Chris myndi líka mjög vel við.

Hvers vegna ert þú að gera máламиðlanir yfir höfuð?

Vegna þess að þetta er mitt síðasta verk. Fyrir næstu útgáfu, þá mun ég ekki þurfa að gera neitt. Önnur ástæða er að ég tel að með þessari plötu muni ég hafa náð til allra sem ég vil ná til. Þá verð ég búinn að kynna mig fyrir nógu stórum hóp. Það verður nóg fyrir mig. Þá get ég haft efni á því að gera engar kynningar í nokkur ár.

Hversvegna er platan að koma út núna, fimm árum eftir síðustu plötu þína, “Richard D. James”?

(Hann hlær) Ástæða þess að ég gef þetta út núna er að ég týndi einum af þessum stóru mp3 spilurum, sem innihélt 282 óútgefin lög eftir mig og 80 óútgefin lög eftir Squarepusher. Ég skildi græjuna óvart eftir í flugvél, þegar ég og Grant Wilson(eigandi Rephlex) vorum að fljúga til Skotlands til að gera gigg fyrir um fjórum mánuðum síðan. Ég hafði átt þessa mp3 græju í um 6 mánuði og Grant hafði áður sagt við mig: “Þú ert nú ekki að fara týna þessu, er það nokkuð.” Og ég hafði þá sagt” Ég mun aldrei týna þessu”. Fimm mínútum síðar skil ég græjuna eftir í flugvélinni.

Varst þú ekki með afrit af þessu á tölvunni þinni?
Jú, ég var ekki að missa neitt. Ég er með afrit. Ég hugsa að ég hefði líklega framið sjálfsmorð ef ég hefði týnt “masterunum”. Síðan þá hef ég verið að fylgjast með internetinu. Ég hélt að lögín myndu poppa þar upp á næstu mínútu. Ég hafði skrifað: “Aphex Twin – Unreleased Tracks” á það. (hann hlær) Ef einhver hefði farið að dæla lögnum inn á netið, þá hefði ég farið heim til viðkomandi, hvar sem hann væri staddur í heiminum og tekið mp3 splaranng og lögín mín aftur. En líklega hefur einhver miðaldra flugfreyjan stolið þessu. Hún hefur líklega bara verið að fíla Bryan Adams eða eitthvað þannig. Hún hefur líklega bara hreinsað öll lögín út af splaranum. Ef einhver aðdáandi hefði fundið tækðið þá hefði mér verið alveg sama. Það hefði bara verið ágæt gjöf fyrir einhvern að eignast græjuna. Ég væri alveg sáttur við það ef þeir myndu ekki setja lögín mín inn á netið og eyðileggja fyrir mér alla tekjumöguleika fyrir næstu 10 árin. Ég rétt minntist á þetta við Tom, en ég held að hann hafi ekki verið að hlusta. (hann hlær) Þannig að þetta er ástæða þess að ég vildi gefa út eins mörg lög og ég mögulega gat eins fljótt og ég gat. Ég ætlaði að gefa út fjórfaldan disk, en það hefði líklega verið of stór skammtur og of mikil vinna. Tvöföld plata er nú algjör hausverkur. Bara að fá allt rétt, útlitið, “masteringuna” og allt það.

Richard D. James diskurinn var ekki mikið lengri en 30 mínútur að lengd. Þegar hann kom út þá sagðir þú að enginn hlustaði lengur en 30 mínútur hvort sem er.

(hann hlær) Já, en þá var mp3 ekki til og ég vissi ekki að ég myndi einhvern tímann eignast tæki sem gæti geymt alla mína tónlist og að ég myndi síðan týna helvítis tækinu.



Þannig að eina ástæða þess að þú vildir gefa út þessa plötu er sú að þú vildir gefa út eins mikið af lögnum áður en þau færu að birtast á netinu?

Já, nokkurn veginn. Þetta er eiginlega mp3-plata. Ég veit ekki hve margir munu gera það sama og ég. En eins og ég hlusta á tónlist, þá kaupi ég diskinn, set hann í tölvuna og rippa af honum þau lög sem mér líkar við. Ég vona að fólk geri það sama við þennan disk.

Hvers vegna væri þér bara ekki alveg sama þótt einhver myndi setja lögín þín inn á netið?

Vegna þess að þá myndi ég ekki fá neina peninga. Það myndu bara einfaldlega rústa mér fjárhagslega.

Af hverju þarft þú á peningum að halda?

Vegna þess að þeir eru eina ástæða þess að ég gef út tónlist.

Ég heyrði af því nýlega að Mixmaster Morris hafi fundið geisladisk í Moskvu þar sem öll lögín þín voru í mp3 formati.

Þetta á eftir að verða ennþá fáránlegra. Seinna munt þú geta keypt DVD diska sem heita til dæmis “Electronica 95-2000” eða eitthvað á þá leið. Þú getur líklega sett 100 plötur á DVD disk. Þú gætir keypt allar Warp eða Rephlex útgáfurnar í einum stórum og feitum pakka.

Finnst þér lögín á DrukQs hljóma sem eitthvað nýtt og ferskt sánd?

Nei, eiginlega ekki! Mörg þeirra hljóma mjög “öld-skúll”, hugsa ég. Ég hef samið fullt af lögum sem eru með mjög nýjum hljóm og líkjast engu sem nú er þegar til. Ég vildi bara ekki gefa þau út. Það sem ég komst að er að ef ég gef út eitthvað nýtt þá bara herma svo margir eftir mér að á stuttum tíma fá allir leið á því. En ef maður semur tónlist í gömlum stíl þá veit maður hvernig lögín munu eldast. Ég hef áður samið lög sem voru mjög fersk og ný og síðan var það bara kóperað og það bara eyðileggur allt.

Eitt sem maður hefur alltaf getað gengið að vísu á nýrri Aphex Twin plötu er að maður mun heyra eitthvað ferskt og óvænt. Að minnsta kosti var það þannig þangað til Richard D. James platan kom út. Smáskífan af þeirri plötu gaf vel til kynna við hverju mátti búast af breiðskífunni. Á DrukQs virðist það sama vera í gangi.

Að vissu leyti þá er þetta satt. En lögín eru ekki eins og annað sem ég hef gert. Hvað varðar stílinn þá eru þau kannski eins, en hvað dýptina varðar ekki. Ég hef aldrei samið neitt með svona mikilli nákvæmni áður. Ég lagði 100 sinnum meiri vinnu í þessi lög heldur en önnur. Það er kannski aðeins eitt lag, “Bbydhoyonchord”, sem er aðeins öðruvísi, með frábrugðnum trommutakt eða eitthvað. Ég hef samið tonn af svoleiðis tónlist og ég hef bara ekki áhuga á því að gefa svoleiðis dót út.

Hversu gömul eru lögín á DrukQs?
Þau eru allt frá sjö til átta ára yfir í að vera nokkurra mánaða gömul. Nýjasta lagið sem ég hef samið er lagið “Nanou2”.

Á umslagi DrukQs er mynd af innviðum píanós. Og á plötunni er að finna nokkuð mörg píanóverk.

Ég hef haft mikið dálæti á píanóum síðan ég var lítili. Píanóið sem ég notaði þegar ég var barn var étíð upp af viðarormum, sem átu upp allan við í húsínu, það fannst mér leiðinlegt. Fyrir einu og hálfu ári keypti ég nýtt píanó. Það er MIDI-tengt píanó frá Yamaha. Svoleiðis píanó eru venjulega til á hótelum þar sem þau eru sjálfspilandi. Fólk sem

er ógeðslega ríkt á svoleiðis píanó (hann hlær). Gaurinn í Take That, Gary Barlow, á eitt svoleiðis. Hann á hvítt eintak, en ég gat þó ekki fengið hvítt. Ég hafði hugsað mér að kaupa fjögur stykki til þess að tengja saman og spila á tónleikum.

Sum laganna hljóma frekar einföld, svo eru önnur þar sem þú virðist hafa átt eitthvað við píanóið.

Já, mörg laganna eru mikið breytt. Ég átti við strengina í píanóinu. Ég nota skúrur, allskonar plastdras. Ég var búinn að setja saman fullt af litlum hlutum sem breyttu hljóm strengjanna. Þegar ég keypti píanóið, sem var mjög dýrt, þá hélt ég að ég myndi eyðileggja það með því að vera fíkta í því. Þannig að í eitt ár var ég bara að glamra einhver venjuleg píanóverk. Síðan eftir eitt ár fór ég að fíkta í því. Ég er líka búinn að gera nokkur flóknari verk, sem eru í raun forrituð. En ég vildi ekki gefa þau út strax, ég vildi byrja á þeim einföldu fyrst. Uppáhalds píanóverkin mín eru þau einfaldari. Uppáhalds píanóleikarinn minn er Satie. Lögín hans eru öll frekar einföld, hann er ekki að sóa neinum nótum.

Þú hefur áður leikið þér með breytt píanó sem barn. En hafa verk John Cage (klassískur tónsniður sem er þekktur fyrir verk samín á breytt píanó) haft einhver á að þú fórst að nota píanó aftur?

Ég þekki öll hans verk fullkomlega og ég fékk líklega hugmyndina að þessum nýju lögum frá honum. Þegar ég var yngri þá var ég eingöngu að taka upp hljóðið í strengjunum á píanóinu. Ef þú ert forvitinn og einhver gefur þér píanó þá er bara sjálfsgagt að taka bakið af píanóinu og fara að fíkta í strengjunum. Þetta er líklega ekkert bara einhver brilliant hugmynd frá John Cage. Ég hef hlustað á fullt af svona píanó tónlist og mér líkar ekki við neitt af henni. Oftast er þetta bara tilviljanakennd vitleysa sem hefur enga tilfinningu.

Hver er merkingin á “DrukQs”, titlinum á nýju plötunni þinni?

Ég vil helst bara leyfa fólki að gera það upp við sjálft sig. En ég vil sérstaklega taka það fram að meiningin er ekki “drugs”. Það eru allir að segja: “Oh, þetta þýðir eiturlyf eða eiturlyfjanotkun (drug use)” eða eitthvað svoleiðis. Þetta hefur vissna meiningu og ég ætlaði að láta plötuna heita eftir henni, en ég vildi bara ekki láta fólk vita strax.

Er uppröðun laganna á DrukQs einhver sérstök?

Hún er það vegna þess að ég eyddi dagöldum tíma í það. Venjulega eyði ég ekki miklum tíma í þetta en með þessa plötu gerði ég það. Hún er nokkurskonar ferðalag. Hún er eiginlega dagbók mín sem tónlistarmanns. Hún er líka tengd persónlegum atburðum. Eitt lag um miðbik plötunnar er t.d. “Mt. Saint Michael + Saint Michaels Mount”, þetta er sumarlagið mitt. Ég samdi þetta lag í sumarfríi mínu í Frakklandi meðan ég var að ferðast. Önnur lög hafa verði samín hér og þar um Bretland í bílum eða hvar sem er. Það er fullt af tónlistarmönnum farnir að semja tónlist á laptop vélar og það er svo hentugt og fljótlegt og maður þarf ekki að fara í stúdíó.

Hefur þetta þá gert þér það auðveldara að grípa stemninguna?

Já, ég er pottþétt betri í því núna en áður. Ég vona að tónlist mín hafi orðið persónulegri með árunum. Nei, ég veit að hún hefur gert það. Þú þrokskast með árunum og ég held að ég hafi núna meiri stjórn á þeirri tónlist sem ég er að semja.

Þær tónlistarstefnur sem hafa síðast haft áhrif á þig eru augljóslega breakbeat og jungle.

Ég bara elska þá tónlist. Þetta er mjög spennandi tónlist og hún er ættuð frá gamalli rave tónlist og það er enginn sem getur samið svoleiðis tónlist lengur. Tónlistin var eins og skemmtiferð í gegnum flott tívólí, en svo virðist sem enginn sé að semja þetta lengur. Sumir eru að semja hardcore, en það er bara ekki eins gott og þau lög sem samín voru af vitleysingum á e-trippi. Ég hef ekki heyrt tónlist lengi sem vekur eftirtekt mína eða áhuga.

Fólk er að senda ykkur tónlist af því að það heldur að tónlistin myndi passa inn á útgáfuna ykkar, en það er kannski ekki það sem þið eru að leita að?

Nákvæmlega. Við erum að leita að einhverju sem við höfum ekki heyrt áður, ég er alltaf að reyna að segja fólki það. Ég finn að vísu oft eitthvað skemmtilegt inni á mp3.com. Ég vildi óska þess að allir myndu bara nota mp3.com, það væri snilld. Þú ferð bara í “sounds like” og finnur eitthvað sem



“Já, ég hef spilað í heimahúsum. Í síðasta mánuði fékk ég e-mail frá einhverjum strák sem sagði “Amma mín dó nýlega og ég erfði fullt af peningum”. Okkur fannst það kúl og fórum þangað með massíva tónleikarútu.”

